



Áveítan

1. tbl. 19. árgangur. Janúar 2026

ÞORRABLÓT Í ÞINGBORG 7. FEBRÚAR 2026



Húsið opnar kl. 19:00
Borðhald hefst kl. 20:00
Miðaverð 12.800 kr

PANTIÐ MIÐA Á floablott@gmail.com
EÐA MEÐ SKILABOÐUM:
866-3245 (Hulda) eða 845-9719 (Hallfríður)

Hljómsveitin Sveitarnir leikur fyrir dansi

Þorrablótshöfudin

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@gmail.com

845-9719
865-5692



Kæru sveitungar og lesendur Áveitunnar.



Enn eitt árið er að líða undir lok og nýtt ár með nýjum verkefnum, tækifærum og áskorunum tekur við.

Ég vona að lesendur hafi notið jólahátíðarinnar, hlaðið batterýin og eytt tíma með fólkinu sínu.

Lesendum óska ég gæfu og farsældar á nýja árinu og vil þakka fyrir gott, árangursríkt og gefandi samstarf á líðandi ári.

Í þessum pistli fer ég yfir nokkur af þeim fjölmörgu verkefnum sem unnið hefur verið að á árinu 2025. Komandi ár verður spennandi enda fjölbreytt og metnaðarfull verkefni í gangi í sveitarfélaginu.

Janúar

Sveitarstjórn samþykkti að auka fjármagn til tónlistarkennslu í Flóaskóla á vegum Tónlistarskóla Árnesinga.

Íþrótta- æskulýðs- og menningarnefnd stóð fyrir tónslökun í Þingborg.

Umhverfis- og tæknisvið stóð fyrir opnu húsi í nýjum húsakynnum á Laugarvatni.

Flóaskóli hélt afmælisveislu af tilefni 20 ára afmælis skólans.

Opin hús fyrir 60+ íbúa héldu áfram og voru haldin reglulega allt árið og áfram var boðið upp á að eldri íbúar geti keypt mat í mötuneyti Flóaskóla.

Undirbúningur framkvæmda og viðhaldsverkefna fyrir árið fór af stað.

Febrúar

Ofsaveður gékk yfir snemma í febrúar og rauðar viðvaranir voru

gefnar út af Veðurstofu Íslands og hafði það einhver áhrif á skólastarf í leik- og grunnskóla.

Húsnæðisáætlun Flóahrepps samþykkt í sveitarstjórn þar sem áfram er gert ráð fyrir fjölgun nýbygginga og íbúafjölgun á komandi árum.

Þorablót Flóamanna haldið af íbúum og öldungaráð stóð fyrir þorablóti fyrir 60+ íbúa.

Mars

Vinnuskóli kynntur og auglýst eftir flokkstjórum.

Auglýst efti verkefnastjóra til að sinna verkefnastjórn í verklegum framkvæmdum innan sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkti að taka tilboði frá Landmótun í endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins og stofnaður var vinnuhópur um verkefnið.

Sveitarstjórn stóð fyrir samkeppni um götuheiti í nýrri íbúðarbyggð í Þingborg.

Félagsmiðstöðin Zone og Flóaskóli héldu undankeppni fyrir söngkeppni Samfés og var Ásta Björg Jónsdóttir valin sem fulltrúi til að keppa í lokakeppninni.

Auglýst var eftir umsóknum um menningarstyrk 2025.

Gengið frá ráðningu á nýjum starfsmönnum á fasteignasvið Flóahrepps þeim Sveini Hafsteini Gunnarssyni og Hildi Kristínu Hallgrímsdóttur.

Gengið frá sölu á Þingborg eldri og kaupsamningur undirritaður 21. mars.

Apríl

Gengið frá ráðningu á verkstjórum í vinnuskóla Flóahrepps sumarið 2025.

Samantekt um söluferli fasteignarinnar Gömlu Þingborgar lögð fram á sveitarstjórnarfund 1. apríl.

Sveitarfélagið hélt árshátíð fyrir starfsmenn, nefndarfólk og verktaka á Hótel Vatnsholti.

Ársreikningur Flóahrepps fyrir árið 2024 lagður fram í síðari umræðu 25. apríl með jákvæðri rekstrarniðurstöðu í A og B hluta upp á rúmar 172 milljónir.

Stóri plokkgagurinn haldinn og hreinsunarátak kynnt.

Maí

Ingibjörgu Einarsdóttur húsverði í Þingborg þökkuð góð störf fyrir sveitarfélagið eftir 32 ára farsælt starf.

Fjör í Flóa fjölskylduhátíð haldin með fjölbreyttri dagskrá í góðri samvinnu menningarnefndar, ungmennafélagsis Þjótanda og kvenfélaganna í Flóahreppi.

Menningarstyrkur veittur verkefninu „Sigga á Grund – saga og varðveisla handverksarfs“.

Íþrótt- og afrek sviðurkenningar veittar; Skólahreystilið Flóaskóla hlaut titil ársins.

Niðurstaða í nafnasamkeppni fyrir nýjar götur í íbúðabyggð kynntar og voru götuheitin Þingmói og Þingbrú valin.

Atvinnumálastefna fyrir neðri hluta Árnessýslu samþykkt.

Opnir dagar á gámastöð í tengslum við hreinsunaráttak sveitarfélagsins.

Júní

Haldið upp á Þjóðhátíðardag Íslendinga með hátíðlegri samkomu í Einbúa 17. júní og sveitarstjóri heimsótti alla íbúa sem eru 90 ára og eldri og færði þeim glaðning.

Umhverfisverðlaun Flóahrepps veitt í flokki íbúðarhúsa og atvinnurekstrar og voru það Kambur og Brúnastaðir sem hlutu verðlaunin í ár.

Framkvæmdir í anddyri í Þjórásarveri og á skólalóð og ýmis viðhaldsverkefni í fasteignum.

Vinnuskólinn fór á fullt skrið með fjölbreyttum verkefnum.

Júlí

Framkvæmdir og viðhald í Flóaskóla, Þjórásarveri og Þingborg.

Undirbúningur viðbyggingar við Flóaskóla og íbúðabyggðar í Þingborg.

Starfsemi skrifstofu Flóahrepps var skert vegna sumarorlofs starfsfólks.

Vinnuskólinn lauk störfum og fagnaði góðu sumri með grillveislu og skemmtidegi.

Ágúst

Mikil uppbygging í gangi í sveitarfélaginu yfir sumarið og fram í haustið.

Pálmi Þormóðsson sinnti verkefnastjórn og og undirbúningi verklegra framkvæmda.

Verktakar í vatnsveitu sinntu fjölbreyttum verkefnum svo sem nýtingum, endurnýjun lagna og lagningu nýrra lagna.

September

Framkvæmdir í Þingborg fóru af stað þar sem sviðið var tekið til að stækka salinn.

Útboð vegna gatnagerðar í Þingborg í undirbúningi.

Grenndarstöð við Þingborg stækkuð og opnuð.

Styrkur til fýsileikakönnunar á almenningssamgöngum milli byggða – verkefni sem unnið er með byggðaþróunarfulltrúa, Vegagerðinni og sveitarfélögum í uppsveitum.

Auglýst eftir aðalbókara á skrifstofu Flóahrepps.

Sveitarstjórn tók rúnt og hitt á fjallmenn og konur á afrétti.

Október

Vel sóttur íbúafundur um endurskoðun aðalskipulags haldinn í Flóaskóla.

Framkvæmdir í Þingborg og vatnsveitu héldu áfram af krafti enda veðráttan hagstæð til áframhaldandi framkvæmda í vatnsveitunni.

Útboð vegna 1. áfanga íbúðabyggðar í Þingborg auglýst.

Fjölmennt ferð eldri íbúa til Grindavíkur sem skipulögð var af öldungaráði.

Verðkannanir gerðar vegna snjómoksturs og gengið frá samningum við nýja verktaka.

Nóvember

Framkvæmdir í salnum í Þingborg héldu áfram.

Viljayfirlýsing undirrituð um samstarf við Skeiða- og Gnúpverjahrepp um söfnun, flutning og förgun dýrahæja.

Örvar Rafn Hlíðdal íþróttakennari í Flóaskóla hlaut Íslensku menntaverðlaunin 2025.

Nýr aðalbókari og launafulltrúi, Dagný Kapítóla G. Sigurðardóttir hóf störf á skrifstofu Flóahrepps.

Jafnlaunavottun staðfest.

Desember

Fjárhagsáætlun 2026–2029 samþykkt í sveitarstjórn. Metnaðarfull áætlun með lægri álögum á íbúa og gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu og engri lántöku á árinu 2026.

Fjöldmenn Aðventuhátíð Flóahrepps haldin í Félagslundi með fjölbreyttri dagskrá.

Hafdís Júlía Hannesdóttir sem sinnt hefur starfi aðalbókara og launafulltrúa lauk störfum á skrifstofu Flóahrepps um áramót og eru henni þökkun sín góðu og mikilvægu störf í þágu sveitarfélagsins.

Samfélagið okkar stækkar stöðugt og þróast og samhliða því skapast og þróast ný verkefni sem við tökumst á við með góðri samvinnu.

Þegar þetta er skrifað eru skráðir íbúar Flóahrepps 755 talsins og hefur íbúum því fjölgað um 200 frá því Flóahreppur varð til við sameiningu þriggja hreppa árið 2006. Meðalaldur íbúa 39,2 ár þar sem yngsti íbúinn er nokkurra vikna og sá elsti 94 ára

Öllum nýjum íbúum sendi ég sérstakar kveðjur og vil fyrir hönd okkar allra bjóða ykkur velkomin í okkar öflugna, samhenta og samheldna samfélag í Flóahreppi.

Með kærri nýárs kveðju,
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri





Nýárskveðjur Umf Þjótanda

Gleðilegt ár kæru lesendur Áveitunnar

Kærar þakkir fyrir samskiptin á liðnu ári

Stjórn Umf Þjótanda vill koma á framfæri þökkum til allra þeirra sem styrktu skötuveislu félagsins á

Þorláksmessu með hráefnisgjöfum. Þetta eru þau:

Mareike og Sturla á Fljótshólum sem gáfu rófur,

Hulda og Andri í Forsæti 4 sem gáfu kartöflur,

Kristín og Ólafur á Hurðarbaki sem gáfu hamsatólg og

Jón Valgeir og Hallfríður í Lyngholti sem gáfu saltfisk.

Um 180 manns komu í skötuveisluna í ár og þökkum

við þeim öllum kærlega fyrir komuna. Einnig viljum

við þakka sérstaklega öllum þeim frábæru

sjálfbóðaliðum sem aðstoðuðu í veislunni sjálfri.

Upp er runnið nýtt ár og margt spennandi og skemmtilegt fram undan í starfi Umf Þjótanda.

Aðalfundur félagsins verður haldinn í febrúar og hvetjum við alla sem áhuga hafa á starfi félagsins að mæta, taka þátt í umræðu og hafa áhrif.

Stjórn Þjótanda þakkar af alhug öllum þeim sem tóku þátt í starfi félagsins á nýliðnu ári. Hlökkum við til áframhaldandi samstarfs á nýju ári.

Stjórn Umf Þjótanda

Fréttir úr Flóaskóla

Nýliðin aðventa var að venju notalegur og góður tími í skólanum. Við horfðum til þess að viðhalda góðum venjum en gæta jafnframt að rútínu og notalegu andrúmslofti.



Nemendur skólans tóku margir þátt í aðventuhátíð sem haldin var í Flóahreppi. Þar stigu kórarnir okkar á svið og sungu nokkur jólalög. Auk þess komu



nemendur skólans fram í dansi og hljóðfæraleik og 10. bekkingar útteildu kakói og kökum.



Um miðja aðventu sýndu nemendur í 1.-7. bekk helgileik og jólaleikrit, viðburður sem alltaf er jafn hátíðlegur og er í hugum margra ómissandi í aðdraganda jóla.

Kvenfélag Villingaholtshrepps gaf Flóaskóla 100 þúsund króna bókastyrk, sem gerði okkur kleift að bæta vel við bókasafnið okkar og kaupa inn fjölmargar nýútgefnar bækur. Við þökkum þeim kærlega fyrir þessa góðu gjöf og ómetanlegan stuðning við að efla yndislestur nemenda.

Um áramót er við hæfi að líta yfir farinn veg. Tuttugu ára afmælishátíð skólans var einn stærsti viðburður vorannar, hátíðlegur dagur sem var mjög vel heppnaður.

Það var dýrmætt að sjá hvað margir gáfu sér tíma til að koma og njóta dagsins með okkur. Skólanum bárust fjölmargar gjafir sem nýttar hafa verið til að bæta aðstöðu og aðbúnað í skólanum. Ómetanlegur stuðningur við skólann og okkur sem þar störfum og nemum.

Haustönnin í Flóaskóla var að venju viðburðarrík og fengust nemendur við fjölmörg ólík viðfangsefni undir handleiðslu starfsfólks.



Ákveðið var að sameina Fjölskyldu-dag og Flóamót og var það afar vel til fundið. Um 60 knapar komu ríðandi í skólann, nemendur, starfsmenn og aðstandendur. Fjölmargir foreldrar og aðstandendur gáfu sér tíma til að verja deginum með okkur sem var mjög ánægjulegt.

Það er mikilvægt að tengja skólastarfið við nærsamfélagið og svona dagar gefur gott tækifæri til þess.

Nemendastýrð viðtöl voru haldin í byrjun október, nemendur höfðu undirbúið þau í fyrsta þemanu sínu um heilbrigði og velferð. Þar voru fjölmargar frábærar kynningar og margir nemendur lögðu mikinn metnað í verk sín.

Smiðjur voru á mið og elsta stigi í samstarfi við skólana í Uppsveitum Árnessýslu. Háskólalest Háskóla Íslands kom með fjölbreytt námskeið fyrir bæði nemendur og kennara.



Við fengum hönnunarsafnið í heimsókn á miðstigi, farið var í haustferðir og Olympíuhlaupið var á sínum stað. Samspil hefðbundinna daga og uppbrotsdaga er mikilvægt í dagsins önn og skapar góða heild í skólastarfinu.



Starfsmenn hafa unnið ótulllega að því að efla leiðsagnarnám og endurskoða skólanámskrá skólans út frá nýendurskoðaðri aðalnámskrá og sú vinna heldur áfram á nýju ári.

Mikill metnaður ein-kennir störf starfsmanna og allir leggja sitt af mörkum við að búa

nemendum góðan skóla.

Við erum síðan ákaflega stolt af því að Örvar íþróttakennari fékk verðskuldaða viðurkenningu á árinu, hlaut útnefningu sem *Framúrskarandi kennari ársins 2025*.

Nýtt ár hefst með þemaverkefni út frá *sköpun* sem er einn af sex grunnþáttum menntunar. Sköpun byggist á forvitni, áskorun og leit að lausn með ólíkum aðferðum hvers og eins.

Verkefnum þessa þema er ætlað að efla nemendur í að njóta þess að skapa og uppgötva, örva forvitni og áhuga og virkja ímyndunarafl. Í þemanu vinnur yngsta stig með íslenska þjóðhætti og landnámið, miðstigið vinnur með söguna og elsta stig setur upp leikrit.

En þetta er bara byrjunin á spennandi ári sem bíður okkar með fjölbreyttum viðfangsefnum og ýmsum nýjum áskorunum.

Megi árið 2026 færa okkur öllum gæfu og gleði
Bestu kveðjur úr Flóaskóla
Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri

Verðlaunaafhending í Ritunarsamkeppni Umf Þjótanda



Nú fyrir jólin fór fram verðlaunaafhending vegna ritunarsamkeppni Umf Þjótanda.

Verðlaunahafar voru þau Arnar Alex Reynisson, Ísold Marselía Bergþórsdóttir og Lilja Reynisdóttir og var það Guðmunda Bríet formaður Þjótanda afhenti þeim verðlaunin.

Innilega til hamingju krakkar og takk fyrir þátttökuna.

Kaffihittingur 60 +

Gleðilegt ár. Fyrsti kaffihittingurinn okkar verður þann 14. janúar nk. í Þjórsárveri kl.16-18 að vanda, húsið opnar kl.15:30.

Sjáumst sem flest.

Kveðja, Nefndin

Dagskrá mánaðarins:

Flóaskóli hefst eftir jólafrí	5. janúar
Þjótandaæfingar mið og eldri	7. janúar
Þjótandaæfing yngri	9. janúar
60 + hittingur í Þjórsárveri	14. janúar
Þjótandaæfingar mið og eldri	14. janúar
Þjótandaæfing yngri	16. janúar
Fundur sveitarstjórnar	20. janúar
Þjótandaæfingar mið og eldri	21. janúar
Þjótandaæfing yngri	23. janúar
Þjótandaæfingar mið og eldri	28. janúar
Þjótandaæfing yngri	30. janúar
Þorrablót Flóamanna	7. febrúar

